

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289 10. maí 1995.

1. gr.

Í 3. gr. bætist við nýr liður með merki:



#### *A11.36 Nautgripir.*

Merki þetta má nota til að vara við því að rekstrarleið nautgripa þveri veg, enda sé vegsýn takmörkuð og umferð að jafnaði hröð.

2. gr.

Í 5. gr. bætist við nýir liðir með merki:



#### *B03.35 Akstur ökutækja með vatnsspillandi farm bannaður.*

Merki þetta er einkum notað á svæðum þar sem grunnvatn er notað til neyslu. Ef sérstaklega stendur á má nota merkið utan slíkra svæða.



#### *B03.36 Akstur ökutækja með hættulegan farm bannaður.*

Merki þetta er notað þar sem nauðsynlegt er að banna eða takmarka umferð með hættulegan farm, t.d. sprengiefni, bensín eða annað eldsneyti. Þetta getur t.d. átt við í jarðgöngum.

3. gr.


9. gr. breytist þannig:

- a. Í stað „skráningarnúmeri“ í fyrirsögn og texta með merki D01.22 komi: skráningarmerki.
- b. Við bætast nýir liðir með merki:



#### *D01.32 Bifreiðastæði fyrir vörubifreiðir.*


Merki þetta er notað til að sýna hvar eru bifreiðastæði sem eingöngu eru ætluð vörubifreiðum.

*D01.61 Keðjunarstaður.*

Merki þetta er notað til að sýna hvar eru útskot við veg sem sérstaklega eru ætluð fyrir öikumenn sem þurfa að setja á keðjur eða taka af, gjarnan við heiðarsporða.

*D06.51 Snúningssvæði til hægri.*

Merki þetta er notað þar sem snúa má löngum ökutækjum við, svo sem í jarðgöngum. Nánari upplýsingar má letra á undirmerki (J).

*D06.52 Snúningssvæði til vinstri.*

Merki þetta er notað þar sem snúa má löngum ökutækjum við, svo sem í jarðgöngum. Nánari upplýsingar má letra á undirmerki (J).

*D24.11 Vegur þar sem krafist er veggjalds.*

Merki þetta ber að nota þar sem ekið er inn á veg þar sem búast má við að stöðva þurfi ökutæki og greiða veggjald. Nánari upplýsingar skal letra á undirmerki, t.d. J10.11.

4. gr.

11. gr. breytist þannig:

- a. Í stað „opnunartíma“ í texta með merki E07.11 komi: þess hvenær opið er.
- b. Við bætast nýir liðir með merki:

*E01.12 Heilsugæsla.*

Merki þetta er notað til að vísa á heilsugæslustöð sem aðeins er opin hluta sólarhrings á virkum dögum.

*E02.35 Losun skolptanka.*

Merki þetta vísar á stað þar sem hægt er að losa skolptanka bifreiða og hjólhýsa.




*E06.51 Fundaaðstaða.*

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið er upp á fundaaðstöðu.



*E08.22 Hraðbanki.*

Merki þetta vísar á hraðbanka.



*E08.45 Handverk.*

Merki þetta vísar á stað þar sem handverk er til sölu.



*E08.57 Húsdýragarður.*

Merki þetta vísar á stað þar sem húsdýr eru til sýnis.



*E08.61 Hundahótel.*

Merki þetta vísar á stað þar sem hundar eru teknir í gæslu.

5. gr.

Í 13. gr. bætast við nýir liðir með merki:



*F16.31 Ónúmeraður vegur.*

Merki þetta (án vegnúmers) er sett við veg sem ekki hefur vegnúmer og er ekki í umsjón Vegagerðarinnar.



*F17.11 Eyðibýli.*

Merki þetta er notað á vegvísa sem vísa á eyðibýli.

6. gr.

Á eftir „Óbrotin lína“ í a-lið 23. gr. komi: (hindrunarlína).

7. gr.

Á eftir „Óbrotin lína“ í a-lið 24. gr. komi: (hindrunarlína).

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 79. og 84. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júní 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.**

1. gr.

Á eftir 2. gr. g bætist við ný grein, 2. gr. h, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/98 frá 27. mars 1998 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

- reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 frá 30. júní 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

*Viðskiptaráðuneytinu, 11. júní 1998.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Jón Ögmundur Pormóðsson.*